

Enn ólga í Geðhjálp:

# Formaðurinn hættir

„Það hefur aldrei verið lognmolla í þessu félagi en ég hefði staðið það allt af mér. Ég dreg mig í hlé vegna anna við önnur verkefni,“ sagði Pétur Hauksson, geðlæknir og formaður stjórnar Geðhjálpar, sem hefur sagt af sér stjórnarformennsku í félaginu. „Ég hef tekið



**Pétur Hauksson**  
*Aldrei lognmolla hjá Geðhjálp.*

sæti í Eftirlitsnefnd Evrópuráðsins sem fylgist með stöðu mála í fangelsum og á geðsjúkrahúsum, svo og með pyntingum. Þetta verður meiri vinna en mig óraði fyrir.“

Ingólfur H. Ingólfsson, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, var flæmdur frá störfum fyrir skemmstu í kjölfar breytinga sem urðu á stjórn félagsins. Pétur Hauksson geðlæknir neitar því aðspurður að afsögn hans út stóli stjórnarformanns Geðhjálpar standi í nokkru sambandi við þær erjur sem leiddu til brothvarfs fram-

kvæmdastjórans. Eydís Sveinbjarnardóttir, hjúkrunarfræðingur og varaformaður Geðhjálpar, tekur nú sæti Péturs Haukssonar í stjórninni.

Samkvæmt heimildum DV hafa aðstandendur geðsjúkra leitað til landlæknis með kvartanir vegna stuðningsþjónustu Geðhjálpar við félagsmenn. Landlæknir mun hafa lofað þeim fundi síðar í vikunni en hann er nú staddur erlendis á fundi norrænna landlækna ásamt aðstoðarmanni sínum.

-EIR